

Grikkland hið forna



Efnisyfirlit

Grísk áhrif	2
Grikkland	4
Landshættir	6
Mýkena og Hómer	8
Grískar goðsagnir	10
Maðurinn verður til	11
Menntun	12
Heimspekingar og fræðimenn	14
Aþena eða Sparta	16
Persastríðin	18
Pelópsskagastríðið	20
Alexander mikli	22
Daglegt líf	24
Staða kvenna í Forn-Grikklandi	26
Listir og menning	28
Tímaás sögu Forn-Grikkja	30
Samþætting við aðrar námsgreinar	32

Grikkland hið forna

ISBN: 978-9979-0-2582-5

© 2020 Hilmar Þór Sigurjónsson

© 2020 Teiknari Böðvar Leós

Ritstjórar: Sigrún Sóley Jökulsdóttir og Ingólfur Steinsson

Yfirllestur og góð ráð: Harpa Jónsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir,

grunnskólakennarar. Geir Þórarinn Þórarinsson, fornfræðingur og

Helgi Skúli Kjartansson, prófessor í sagnfræði við HÍ.

Efnið í kaflanum Daglegt líf birtist fyrst á Vísindavef Háskóla Íslands er birt hér með góðfúslegu leyfi ritstjórnar Vísindavefsins og höfundar.

1. útgáfa 2020

Menntamálastofnun, Kópavogur

Allur réttur áskilinn

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. –
umhverfissvottíð prentsmiðja

Rétthafar ljósmynda og annars myndefnis
eru tilgreindir í myndaskrá innan á kápu.

Grikkland hið forna



Hilmar Þór Sigurjónsson
Teiknari Böðvar Leós

Grísk áhrif

Hvað gerir þú í frístundum þínum? Hlustar þú á *músík*? Fylgist þú með *Ólympíuleikunum* þegar þeir eru haldnir? Þekkir þú einhvern sem hefur hlaupið *maráon*? Ferðu kannski stundum í *panik* þegar þú ferð í *bíó* eða *apótek*? Borðar þú stundum *melónu*, *gúrku* eða *rabb-arbara*? Skáletruðu orðin hér að ofan eru öll komin úr grísku enda þótt þau hafi borist til okkar í gegnum önnur tungumál.

Grikkland kallast Hellas á grísku og því kölluð-ust þeir sem fæddust í Grikklandi Hellenar. Til að aðgreina sig frá öðrum þjóðum kölluðu Grikkir aðra en þá sem töluðu grísku barbara vegna þess að tungumál þeirra hljómaði eins og óskiljanlegt „bar-bar-bar“.

Forn-Grikkir lögðu grunninn að skipulagi í stjórnámum, heimspeki, vísindum, stærðfræði, list, bókmenntum og jafnvel íþróttum dagsins í dag. Þeir fundu upp lýðræðið, héldu fyrstu Ólympíuleikana og settu fram kenningar í stærðfræði, stjörnufræði og eðlisfræði sem urðu til þess að breyta því hvernig við horfum á heiminn í dag.





A α Alfa	B β Beta	Γ γ Gamma	Δ δ Delta	Ε ε Epsilon
Z ζ Zeta	H η Eta	Θ θ Theta	I ι Ióta	K κ Kappa
Λ λ Lambda	M μ Mí	Gríska stafrófið	N ν Ní	Ξ ξ Ksí
O ο Omícron	Π π Pí	P ρ Hró	Σ σ Sigma	T τ Tá
Υ υ Upsílon	Φ φ Fí	X χ Kí	Ψ ψ Psí	Ω ω Omega

Gríska stafrófið hefur verið í notkun síðan á á 9. öld f.Kr. Það er elsta stafrófið sem enn þá er notað. Í því eru 24 bókstafir auk þriggja eldri stafa sem dattu snemma úr notkun.

Vissir þú að enska orðið fyrir stafróf (alphabet) er búið til úr tveimur fyrstu stöfunum í gríska stafrófinu?

Grikkland

Grikkland hið forna náði yfir mun stærra landsvæði en Grikkland nútímans eins og sjá má á kortinu. Grískumælandi fólk bjó einnig í Asíu þar sem í dag er Tyrkland, við Svartahaf, á Suður-Ítalíu og á Sikiley. Auk þess stofnuðu Grikkir borgir víða á norðurströnd Afríku og á suðurströnd Frakklands og Spánar.

Grikkland er hálent land og vogskorið og erfitt yfirferðar. Hver bær eða borg með nærliggjandi sveitum kallaðist borgríki. Grikkland hið forna var því ekki eiginlegt ríki heldur samanstóð það af mörgum borgríkjum sem hvert um sig hafði oft sín eigin lög og reglur. Hvert borgríki hafði sinn her og þau áttu í stöðugum erjum og stríði. Vegna þess hversu fjölliött

Grikkland er risu borgirnar meðfram ströndinni og á eyjum í Miðjarðarhafinu. Grískar borgir voru oft byggðar á hæðum og réðu þá að mestu hernaðarleg sjónarmið til að vera betur í stakk búnir að verjast óvinaherjum. Tvö þessara borgríkja voru Sparta og Aþena.

Á þessum tíma urðu miklar framfarir í skipasmíðum í Grikklandi og Grikkir urðu mjög öflug siglinga- og verslunarþjóð. Þannig notuðu þeir Eyjahafið og allt Miðjarðarhafið til þess að ferðast á milli borga og borgríkja. Þar var mikill fiskur og urðu Grikkir því mikil fiskveiðipjóð. Í Eyjahafi eru yfir þúsund eyjar. Þær helstu eru Krít, Ródos, Lemnos, Kíos, Samos, Lesbos, Naxos og Delos.



Delfi er borg á hásléttum Grikklands. Þar má finna rústir Apollonshofsins.



■ Grikkland hið forna og nýlendur þess náðu allt í kringum Miðjarðarhafið.



Til þess að komast á milli staða í Grikklandi hinu forna voru strandsiglingar á skipum sem þessum algengar.

Landshættir

Fjöll

Fjöll, höf og eyjar móta Grikkland en 80% þess teljast hálendi. Borgríki afmörkuðust snemma af fjöllum sem erfitt var að klífa. Hæst er Ólymposfjall, 2.918 metrar. Þar töldu Forn-Grikkir að guðirnir byggju.

Skagar

Grikkland er syðst á Balkanskaga, hálendum skaga sem gengur út í austanvert Miðjarðarhaf. Út frá honum liggja svo einstakir skagar,

eins og Attíkuskagi, sem gengur til austurs út í Eyjahafið þar sem höfuðborgin Aþena stendur. Pelopsskagi gengur hins vegar í vestur út í Miðjarðarhafið og þar var Sparta stærsta borgríkið til forna.

Loftslagið

Í Grikklandi eru heit sumur og mildir vetur. Vegna hitans klæddist fólk léttum klæðnaði allan ársins hring. Venjulega klæddist það aukalagi af klæðnaði þegar kólnaði, oftast með skikkju.



Ólymposfjall var talið heimili guðanna og hallir þeirra voru á tindinum.



Byggingar sem gegndu trúarlegu hlutverki stóðu oft á hæðum. Hér má sjá Meyjarhofið Parþenon sem stendur á Akrópólis-hæðinni í Aþenu.

Umræður og verkefni

1. Skoðið hvar Grikkland er á landakorti og berið saman við kort af Grikklandi hinu forna.
2. Setjið saman viku ferðalag til Grikklands. Hvernig komist þið á staðinn og hvar ætlið þið að dvelja? Hvaða staði langar ykkur til að skoða?
3. Hverjar teljið þið ástæður þess að stór hluti þeirrar fornsögu, sem þykir markverðust í vestrænum ritum, átti sér stað við Miðjarðarhafið?

Vissir þú að meyarhofið í Aþenu er helgað verndara borgarinnar, viskugyðjunni Aþenu. Gyðja sem kallaðist Nike fylgdi Aþenu stundum. Nafn hennar merkir sigur á grísku og því var hún talin gyðja sigursins.

Mýkena og Hómer

Rétt eins og Íslendingar eiga sínar víkinga-sögur eiga Grikkir sér líka fornsögur. Elstu sögur af Forn-Grikkjum segja frá þjóð sem kennd var við borgríkið Mýkenu frá árinu 1600 f.Kr. Mýkenar voru bronsaldarþjóð, stunduðu mikla verslun og áttu stór skip sem sigldu milli landa og skiptu á vörum eins og ólívuolíu og víni fyrir brons og fílabein. Lítið er vitað um Mýkenuþjóðina en á 8. öld f.Kr. fór hinn blindi söngvari Hómer að flytja ljóð og sögur um atburði sem gerðist á tímum Mýkena og þaðan eru komin sögulgjóðin tvö, Ilíonskviða og Ódysseifskviða. Höfum samt í huga að sögurnar voru skrifaðar eftir að hafa gengið munnlega milli manna í mörg hundruð ár og hafa því trúlega vikið nokkuð frá sannleikanum. Rétt eins og Íslendingasögurnar eru okkar menningararfur eru sögur Hómers um Akkilles, Ódysseif og Hektor hluti af menningarfi Grikkja.

Ilíonskviða

Ilíonskviða segir frá áralöngu stríði Grikkja við borgina Tróju sem var borg sem væri í Tyrklandi í dag. Umsátur Grikkja um Trójuborg stóð í 10 ár en Ilíonskviða lýsir aðeins broti úr sögu þessa fræga stríðs. Þar börðust hetjurnar Akkilles og Ódysseifur fyrir Grikki en með Trójuher barðist hetjan Hektor.

Trójuhesturinn

Fræg er sagan af því hvernig Grikkjum tókst að sigra her Trójuborgar. Grikkir þurftu að koma sér upp leynivopni til að komast inn fyrir virkisveggi Tróju. Þeir brugðu á það ráð að smíða gríðarstóran tréhest og skilja hann eftir fyrir framan hlið borgarinnar. Hesturinn var holur að innan og nokkrir grískir hermenn skriðu inn í hann og biðu átekta. Gríski herinn þóttist síðan yfirgefa Trójustrendur á skipum sínum. Trójumenn héldu að þeir hefðu unnið stríðið og drógu tréhestinn inn fyrir borgarhliðin; töldu hann vera sigurlaun frá Grikkjum. En um nóttina læddust grísku hermennirnir út úr hestinum, drápu verðina og opnuðu borgarhliðin. Þar var gríski herinn mættur og lagði Tróju í rúst þessa nótt.



Akkillesarhæll

Akkilles sem fjallað er um í Ilíonskviðu átti sex systkini en þau voru öll brennd á báli til þess að sjá hvort þau væru guðakyns eða menn. Sumar sagnir segja að móðir Akkillesar hafi dýft honum ofan í fljótið Styx sem skildi á milli lífs og dauða í grískri goðafræði til að gera hann ósæranlegan. Hún varð þó að halda um annan hælinn á honum og þar var því alltaf hans veiki blettur. Í orrustunni við Tróju skaut París, bróðir Hektors, ör í hæl hans og dró það Akkilles til dauða.



Ódysseifskviða

Í Ódysseifskviðu segir frá heimferð Ódysseifs úr Trójustríðinu. Á leiðinni lenti hann í mörgum ævintýrum. Hann var fangaður af eineygða risanum Pólýfemosi en Ódysseifi tókst að stinga úr honum augað og flýja. Þá hittu hann galdra-nornina Kirku sem breytti mönnum hans í svín. Hann rakst einnig á seiðandi Sírenur sem vildu tæla hann í hafið og tókst þeim nánast að leiða Ódysseif í glötun. Hann slapp þó frá þeim en þurfti næst að sigla milli skrímslanna Skyllu og Karybdísar sem náðu taki á báti hans. Honum tókst þó að sleppa frá þeim á ótrúlegan hátt. Síðar lenti Ódysseifur í hinn ódauðlegu þokkadís Kalypsó sem varð ástfangin af honum og neyddi hann til að vera á eyju sinni í sjö ár þar til hann slapp. Eftir tuttugu ár á heimleið frá Tróju komst Ódysseifur loksins til Íþöku, heimaborgar sinnar.



Umræður og verkefni

1. Hvaða sögur og persónur þekkið þið úr Íslendingasögunum? Reyndu að lýsa einni persónu með eigin orðum.
2. Hvernig varð maður hetja í Forn-Grikklandi? Sagt er að Ódysseifur, Akkilles og Hektor hafi verið hetjur. Hvað ætli hafi gefið þeim þetta orðspor? Reynið að telja til nokkur atriði.
3. Hvað er átt við þegar talað er um að eitthvað sé Akkillesarhæll einhvers? Útskýrið í fáeinum orðum.


Grískar goðsagnir

Heimsmynd Grikkja

Forn-Grikkir litu á jörðina sem gyðju sem þeir kölluðu Gaia. Þeir trúðu því að í upphafi hefði verið tómarúm og glundroði, sem þeir kölluðu kaos. Úr glundroðanum urðu til undirheimarnir Tartaros sem var hinn myrki undirheimur og Eros eða ástin og lostinn sem var fallegastur guðanna. Einnig varð til staðurinn Erebos sem var myrkrið og var talið yfirráðasvæði Hadesar sem var guð undirheima og næturinnar Nyx. Erebos og Nyx gátu saman af sér daginn. Jörðin Gaia gat hins vegar af sér himininn Úranos og hafið Ókeanos. Helíos var sólguðinn og Selene var mánagyðjan.

Grískir guðir

Grikkir töldu að guðirnir væru mennskir í hugsun og tilfinningalífi en þó ódauðlegir. Æðstur guðanna var Seifur sem var sonur risanna Krónosar og Rheu. Krónos óttaðist mest af öllu að eitthvert barna hans steypiti honum af valdastóli og því át hann þau flest upp til agna þegar þau fæddust. Rheu tókst hins vegar að fela Seif og koma honum undan. Þegar Seifur varð eldri leiddi hann uppreisn gegn föður sínum og þegar hann hafði frelsað systkini sín úr maga Krónosar skiptu þau heiminum á milli sín. Seifur varð aðalguðinn og fékk himininn, Póseidon hafið en Hades fékk undirheimana. Þannig náðu Ólympus-



guðir völdum í heiminum. Hásæti Seifs var á Ólymposfjalli. Aðrir guðir voru t.d. Hera, kona Seifs, verndari hjónabands og kvenna, systir þeirra var heimilisgyðjan Hestía. Aþena var gyðja visku og hernaðarkænsku, Ares var stríðsguðinn. Apollon guð sólar, spásagna, tónlistar og kveðskapar. Artemis mána- og veiðigyðja, Afródíta gyðja ástar og fegurðar, Hermes var sendiboði guðanna, Diónýsos, guð víns og svalls og Hefæstos, guð smíða og elds.

Vissir þú að menntun var mjög ólík í Spörtu og í öðrum borgum Grikklands? Spartverjarildu eignast góða hermenn og sterkar konur og kenndu þeim samkvæmt því. Önnur borgríkiildu mennta og fræða nemendur í bóklefum og verklegum greinum.

Maðurinn verður til

Títanar voru tröllvaxin afkvæmi Gaiu og Úranosar. Seifur lenti í útistöðum við þá vegna deilna um yfirráð yfir heiminum. Prómpeifur einn tíтана var einn fárra sem stóð með Seifi í baráttunni við tíтана. Að launum fékk hann mildari refsingu en aðrir títanar en hún var að þurfa að búa á jörðinni. Þar ákvað hann að drepa tímann með því að skapa manninn og útbjó litla leirkalla sem gyðjan Aþena blés í lífi og úr varð maðurinn. Prómpeifur vorkenndi mönnunum á jörðinni fyrir það að þurfa að húka blautir og kaldir í hellum þannig að hann stal eldi af Ólymposfjalli og gaf þeim. Við þetta reiddist Seifur mjög og dæmdi Prómpeif til að vera bundinn við stein og örn myndi éta úr honum lifrina á hverjum degi.

Til þess að refsa manninum sendi Seifur svo Pandóru, konu sem hann skapaði, til jarðar með ker eða öskju. Við að opna kerid sluppu úr henni þær plágur sem hafa hrjáð mennina allar götur síðan en vonin varð eftir í kerinu.

Í kristinni trú er sagan um fyrsta fólkið aðeins öðruvísi, en samt í sama anda. Í Mósebók er talað um fyrsta fólkið sem Guð skapaði, Adam og Evu Eva bauð Adam að bíta af epli sem óx á forboðna trénu sem ekki mátti borða af. Við það refsaði Guð þeim og rak á brott úr paradísinni Eden. Þess vegna segjum við stundum: „Adam var ekki lengi í paradís“.



Umræður og verkefni


1. Veljið ykkur guð eða gyðju úr grísku goðafræðinni og útbúið kynningu fyrir bekkinn.
2. Berið saman heimsmynd úr grískri og norrænni goðafræði. Hvernig var heimsmynd þessara tveggja trúarbragða? Hvaða guðir voru í norrænni goðafræði?
3. Stundum er talað um að ekki eigi að opna Pandóruboxið í ákveðnum aðstæðum. Hvað merkir það? Hvað mun þá gerast?

Menntun

Hvernig ætli skóli hafi verið í Forn-Grikklandi? Ætli börn hafi þurft að læra stærðfræði, sögu eða málfræði? Svarið er já við þessu öllu.

Tökum sjö ára strákin Alexías sem dæmi. Pabbi hans er ríkur aðalsmaður og meðlimur í öldungaráði Aþenu og þar af leiðandi fær Alexías góða menntun. Skólinn hefst þegar hann er sjö ára og hann hefur þrjá kennara. Hann hefur skriftarmeistara sem kennir

honum að lesa og skrifa. Hann hefur tónlistarkennara sem kennir honum ljóð og söngva Hómers. Svo fer hann í glímuskóla þar sem hann lærir hinar ýmsu íþróttir. Námi Alexíasar lýkur um 18 ára aldur, þegar hann fer annaðhvort í herinn eða heldur áfram námi sínu hjá heimspekingnum Aristótelesi.



Hvers vegna erum við bara að tala um Alexías en ekki um Kassöndru, systur hans? Vegna þess að stelpur fengu ekki sömu menntun og strákar. En Cassandra á ríka foreldra og því fær hún kennslu í leiklist og dansi en þó aðeins hjá móður sinni en ekki kennara eða í skóla. Mamma hennar kennir henni að lesa og skrifa eins og hún lærði sjálf hjá móður sinni. Þetta er ástæðan fyrir því að fræðimenn fornaldar eru nær eingöngu karlmenn en ekki konur – þær fengu nefnilega ekki tækifæri til þess að fara í skóla. Ekki frekar en börn fátækrar alþýðu.



Umræður og verkefni

1. Búið til stundatöflu fyrir nemendur á mið- eða unglíngastigi grunnskóla á tímum Forn-Grikkja.
2. Hvað telji þið að hafi verið mikilvægast fyrir börn að læra í Grikklandi á þessum tíma?
3. Hvernig finnst ykkur best að læra? Gerið lista yfir það og berið saman við aðra í bekknum.

Heimspekingar og fræðimenn

Eins og áður er nefnt var byggður grunnur fyrir nútímasamfélagið í Grikklandi fyrir 2.500 árum. Nokkrir af mestu fræðimönnum sögunnar voru uppi á þessum tíma og höfðu þeir mikil áhrif með hugmyndum sínum. Hér verður fjallað um nokkra þeirra.

Hippókrates er oft kallaður faðir læknisfræðinnar og þegar læknar útskrifast sverja þeir Hippókratesareiðinn þar sem þeir lofa að sinna starfi sínu af fagmennsku og að hjálpa þeim sem þurfa á því að halda eftir bestu getu. Hippókrates rannsakaði heilsu og sjúkdóma og beitti við það vísindalegum aðferðum. Til þess að lækna sjúklinga hvatti hann lækna til að hafna yfirnáttúru og taka þess í stað mið af reynslunni og þeim ályktunum sem draga má af henni. Hafna því til dæmis að segja sjúklingi að guðirnir væru reiðir og þess vegna væri hann veikur. Það að biðja fyrirgefningar yrði ekki til þess að þeim myndi líða betur.

Sókrates var heimspekingur sem velti fyrir sér hugmyndum um sannleika, gæsku og illsku. Hann var vanur að reika um stræti og torg og tala við fólk og fá það til að koma röð og reglu á hugsanir sínar. Hann trúði því að ef menn hugsuðu nógu skýrt myndu þeir breyta rétt. Sókrates sagði að dyggð væri byggð á þekkingu og mikilvægust væri sjálfspekingin. „Ég veit það eitt að ég veit ekki neitt,“ sagði hann gjarnan. Sókrates skrifaði ekki neitt sjálfur en það gerði nemandi hans Platón sem hélt áfram að þróa heimspeki hans og einnig sína eigin heimspeki.


Í rökræðum sínum eignaðist Sókrates óvini og var hann ákærður fyrir að lítilsvirða guðina og afvegaleiða unga menn. Hann var á endunum kærður fyrir að spilla unga fólkinu og var látinn drekka eitur sem dró hann til dauða.



Listaverkið *Dauði Sókrates* eftir Jacques Louis David, 1787.

Heródotos var sannkallaður faðir sagnfræðinnar vegna þess að hann safnaði gögnum með nákvæmum sagnfræðilegum vinnubrögðum um stríðið á milli Grikkja og Persa. Það rit varð fyrirmynd sagnfræðinga og markar upphaf sagnaritunar á Vesturlöndum.

Pýþagóras var stærðfræðingur sem talinn er hafa fundið út reglu til að reikna út flatarmál rétthyrnds þríhyrnings. Við hann er sú regla alla vega kennd. Hann kom sér upp hópi lærisveina sem kölluðu sig Pýþagóringa. Þeir töldu að allt væri gert úr tölum hvort sem um var að ræða himinhvolfið, hreyfingar himintungla eða tónlist. Hann og lærisveinar hans töldu að jörðin hlyti að vera hnöttótt sem var gegn ríkjandi skoðunum fólks á þessum tíma.



Pýþagorasarreglan útskýrð.

Vissir þú að það að skoða heiminn á markvissan hátt með því að spyrja spurninga og leita svara við þeim er kallað vísindi? Með vísindum eykst þekking sem nýtist til að auðvelda okkur lífið. Svo verður til tækni, aðferðir og tæki sem fólk nýtir sér áfram.

Umræður og verkefni

- Hjálpest að við að finna góða útskýringu á því hvað er heimspeki? En hvað er síðan siðfræði? Hvaða munur er á þessum tveimur hugtökum?
- Hvað mynduð þið vilja vera þekkt fyrir að finna upp er varðar tækni og vísindi eða náttúrulögmál?
- Veljið ykkur einn þessara heimspekinga eða fræðimanna og kynnið ykkur hvað hann er þekktur fyrir eða veljið annan áhugaverðan aðila til að kynna ykkur.

a. Aristoteles	c. Demókrítos
b. Platón	d. Arkímedes

Æpena eða Sparta



Lýðræðið í Æpenu

Orðið lýðræði þýðir í raun stjórn fólksins. Allir frjálsir karlmenn fæddir í Æpenu höfðu rétt til að sitja á þjóðþinginu þar sem lýðræðislegar ákvarðanir voru teknar. Konur og þrælar máttu ekki kjósa. Þeir sem ekki mættu á þjóðþingin voru kallaðir idiótar, enda þótti Æpenubúum mikilvægt að láta sig málin varða og nýta lýðræðislegan rétt sinn. Hugtakið idiót merkti á þessum tíma almennur borgari þó það hafi fengið aðra merkingu síðar.

Fámennisstjórn í Spörtu

Fámennisstjórn þýðir að fáir ráða. Í Spörtu voru konungar og tóku synir við af feðrum sínum og voru við völd ævilangt. Í hverjum mánuði var haldinn þjóðfundur þar sem fimm menn voru valdir til þess að stýra og kolluðust þeir efórar og einnig sátu fundinn 28 menn í öldungaráði. Fólk sem mætti á þjóðfundinn hafði þó ekki mikil völd því fundurinn setti sig aldrei upp á móti þeim sem stýrðu. Í Spörtu var mikil áhersla lögð á að þjálfa íbúa í hernaði og því voru drengir bara sjö ára þegar þeir voru sendir í herskóla.

Í stríð

Ímyndaðu þér að þú sért hermaður í Spörtu. Allir frjalsir karlmenn þar eru hermenn; pabbi þinn er hermaður og pabbi hans var hermaður. Frá því að þú varst smástrákur hefurðu verið í herþjálfun; þú hefur lært að vera harður, þú leikur þér í stríðsleikjum með vinum þínum. Systir þín fær líka menntun en móðir hennar sér um að mennta hana, kenna henni að lesa og skrifa. Hún fær líka mikla líkamsþjálfun.

Í Aþenu er málum háttað á annan veg. Þar þjálfaði fólk sig í að rökræða um stjórnmál. Þar lærðu ungir drengir að rökræða, þeir lærðu um tónlist og ljóðlist og fleira en þeir læra ekkert í hernaði.


Einn daginn kemur sendiboði frá Aþenu til Spörtu og segir ráðamönnum þar að erlendur her sé kominn að ströndum Aþenu. Herinn er frá Persíu sem var land fyrir austan Grikkland. Persar áttu í raun uppruna sinn í suðvesturhluta írönsku hásléttanna í Asíu. Herinn er gríðarlega fjölmennur, hundruð skipa og þúsundir hermanna. Aþeningar bjuggu ekki yfir nægilega sterkum her og báðu Spörtu um aðstoð. Spartverjar sögðust koma um leið og trúarhátíð þeirra, Karneia, væri afstaðin og tóku ekki í mál að slíta trúarhátíð sinni fyrir Aþeninga. Kannski var það fyrirláttur en ekki voru allir samála um það. Persaveldi sem var stórt og völdugt ríki myndi líklega fella Aþenu í þessari árás og þá yrði Sparta völdugasta borgríkið í Grikklandi.

Vissir þú að lýðræðið í Aþenu var á þessum tíma þannig að frjalsir karlmenn gátu ráðið nokkru um það hvernig borginni var stjórnað. Þeir ræddu ný lög og tóku ákvarðanir með því að greiða atkvæði. Getur þetta kallast lýðræði í dag? Hvað er athugavert við þetta lýðræði?

Umræður og verkefni

1. Hvað á Sparta að gera að ykkar mati?
 - a. Fara í stríð með Aþeningum eða bíða og fylgjast með hvernig málin þróast? Ef Persar sigra Aþenu þá er Sparta orðin stærsta borgríkið í Grikklandi.
 - b. Hjálpa Aþenu gegn enn stærri óvini, Persum?
2. Haldið þið að Persar myndu láta sér nægja að hernema Aþenu og leyfa Spörtu að vera í friði. Eða myndu þeir halda áfram að herja á þá í framhaldinu?
3. Hvað merkti hugtakið lýðræði í Grikklandi hinu forna? Skrifid niður skýringu á því. Hvað merkir hugtakið lýðræði eins og það er notað í dag?

Persastríðin



■ Persaveldi um 475 f.Kr.

Persastríðin voru átök milli Grikkja og Persa. Persar vildu stækka ríki sitt og höfðu með hörku náð að leggja undir sig stærsta landsvæði heims á þeim tíma eins og sjá má á þessu korti. Ekkert virtist geta stöðvað heimsveldið í útrás sinni. Og nú var röðin komin að Grikkjum eftir stuðning þeirra við uppreisn landa sinna gegn persneskri stjórn í Litlu-Asíu.

Árið 490 f.Kr. steig her Persa á land fyrir utan Aþenu og mætti honum á stað sem hét Marabon. Grikkir sem voru helmingi færri sigruðu óvænt í orrustunni og Persar þurftu að hörfa til baka og endurskipuleggja sig. Grikkirnir

voru betur búnir til orrustu og Persar réðu ekki við þungvopnaða breiðfylkingu þeirra.

Rúmum tíu árum eftir orrustuna við Marabon réðust Persar aftur inn í Grikkland. Í þetta skipti tóku flestöll grísku borgríkin ákvörðun um að vinna saman og taka þátt í stríðinu og hrekja óvininn úr landi. Sameiginlegur óvinur varð því til þess að sameina Grikkland, að minnsta kosti um stundarsakir. Þarna gátu Sparta og Aþena unnið saman.

Fræg er sagan af orrustunni við Laugaskarð þar sem 300 Spartverjar, undir stjórn Leoníðasar

konungs, vörðust gríðarstórum her Persa og héldu út í næstum þrjá sólarhringa þar til þeir voru yfirbugaðir og drepnir.

Stuttu síðar réðust Persar með stóran sjóher sinn að Salamis, sem var rétt sunnan við Aþenu. Þar voru firðir mjóir, vatnið var grunnt og erfitt fyrir stór skip Persa að ná hraðskreiðum skipum Aþeninga. Enda fór svo að þeir síðarnefndu sigruðu í orrustunni og varð ósigurinn mikið högg fyrir Persa. Með honum tók valdajafnvægið að breytast Grikkjum í hag.

Eftir þetta kom lokasigur Grikkja í orrustunni við Plateu og Persar voru neyddir til að hörfa aftur heim. Grikkjum hafði tekist að hrekja heimsveldi Persa af höndum sér og um leið hófst samstarf grísku borgríkjanna. Þetta réð úrslitum um gríska menningu. Hefði hún ekki notið frelsis hefði hún varla náð að blómstra með þeim hætti sem hún gerði. Og þá hefði menning okkar að líkindum orðið öðruvísi en raun varð.



Marathon

Heimildir fyrir sögunni um fyrsta maraþonhlaupið má finna í ritum Herakleides frá Pontos, sem fæddist ca. 390 f.Kr. Sagan segir að sendiboði hafi verið sendur frá Marañon til Aþenu til þess að flytja fréttirnar af sigrinum. Hann átti að hafa hlaupið 42,2 kílómetra og rétt eftir að hafa borið upp tíðindin hafi hann hnigið niður og dáíð vegna ofreynslu. Rétt áður en hann dó tókst honum að stynja upp að Grikkjum hefði tekist að sigra Persa. Hlaupið er langt og strangt og enn þann dag í dag leggja margir það á sig að hlaupa þessa vegarlengd sér til gamans.

Vissir þú að árið 2020 greina heimildir að sá elsti sem hefur frá upphafi lokið maraþonhlaupi hafi verið hinn 102 ára Fauja Singh frá Indlandi.

Umræður og verkefni

1. Hvaða lönd eru í dag þar sem áður var Persía?
2. Hvers vegna ætli 300 Spartverjar hafi náð að standa svo lengi gegn gríðarsterkum her Persa?
3. Hvers vegna ætli hið litla Grikkland hafi sigrað risaer Persíu?


Pelópsskagastríðið

Eftir Persastríðin fóru grísku borgríkin að vinna meira saman og jafnvel mynda bandalag. Upprunalega markmið þessa bandalags var að hrekja Persa á burt og í kjölfarið varð Aþena valdamesta borgríkið í landinu. Spartverjar héldu áfram að þjálfa sína hermenn og ætluðu sér að verða völdugri en Aþena.

50 árum eftir Persastríðin háðu borgríkin tvö stríð sem kallað hefur verið Pelopsskagastríðið og stóð í rúm 30 ár. Aþena stjórnaði þá borgríkjum við gríska Eyjahafið en Spartverjar á Pelópsskaganum. Spenna myndaðist milli þessara ríkja um yfirráð yfir landsvæðum. En einnig var tekist á um stjórnarhætti, annars vegar aðalsveldi Spörtu og hins vegar lýðræði Aþenu. Sparta var með sterkari landher en

Aþena hafði undirtökin á hafinu. Í þessum átökum hertók Sparta höfn Aþenu í Píreus sem var þeirra lífæð til að geta nálgast mat og vistir. Að lokum gafst her Aþenu upp árið 404 f.Kr. Bæði borgríkin voru viðkvæm og máttlaus eftir langt og erfitt stríð sem breytti lífi heillar kynslóðar. Því fylgdi hungursneyð, mikið mannfall og eignaskemmdir. Sparta var um stuttan tíma völdugust ríkja í landinu en hagur Aþenu vænkaðist fljótt. Hún varð þó aldrei aftur jafn sterk og hún hafði verið á hátindi sínum.

Næstu árin var í raun ekkert borgríki sem réði í Grikklandi og landið var viðkvæmt fyrir innrásum annarra þjóða.



Pelopsskagastríðið stóð í rúm 30 ár og var stríð milli Spörtu og Aþenu um landsvæði.



Korintueiðið

Borgin Korinta var borgríki á Korintueiði, sem tengir Pelópsskaga við meginland Grikklands, nokkurn veginn mitt á milli Aþenu og Spörtu. Í dag stendur nútímaborgin Korinta um fimm km norðaustan við borgarstæði borgríkisins forna. Hugmyndina um að grafa skurð þvert yfir eiðið má rekja til Grikklands hins forna. Korintuskurðurinn var hins vegar tilbúinn árið 1893 en það tók 11 ár að byggja hann. Hann liggur þvert í gegnum Korintueiðið og tengir Saroníuflóa í Miðjarðarhafi við Korintuflóa. Þannig opnast siglingaleið til Adríahafs og hafna í mörgum Evrópuríkjum. Korintuskurðurinn er 6 km langur, 8 metra djúpur, hæð

hans er 76 metrar. Þrjár brýr liggja yfir hann og ein fyrir járnbrautir.

Umræður og verkefni

1. Hvers vegna ætli Sparta og Aþena hafi farið í stríð?
2. Hvaða áhrif heldur þú að stríð hafi á börn og unglínga?
3. Hvers vegna heldur þú að það sé enginn her á Íslandi? Hvað gæti gerst hér á landi efitthvert ríki myndi ráðast á Ísland?


Alexander mikli



Eftir Pelópskagastríðið var Grikkland viðkvæmt fyrir innrásum annarra þjóða, enda voru stærstu borgríkin Aþena og Sparta að sleikja sárin.

Norðan við Grikkland var ríkið Makedónía og þar réð ríkjum Filippus II konungur. Grikkir kölluðu Makedóníumenn barbara sem merkir útlendingur vegna þess hvernig þeir töluðu. Þeim þótti þá skorta gáfur og fannst menning þeirra standa hinni grísku langt að baki. Filippus réðst inn í Grikkland árið 338 f.Kr. og lagði undir sig stærstan hluta skagans áður en hann lést og sonur hans tók við. Sonurinn hét Alexander og var aðeins tvítugur þegar hann kom

til valda. Alexander horfði strax til austurs og vildi stækka ríki sitt og takast á við hið mikla Persaveldi sem þá var orðið veikt eftir áratuga langa lélega stjórnun margra konunga. Hann tók sér nafnið Alexander mikli og tókst á stuttum tíma að leggja undir sig svo stórt landsvæði að Makedónía varð stærsta heimsveldi sögunnar. Grikkland var eitt þeirra landa sem lentu undir stjórn Alexanders og má segja að þá hafi gullaldartíma Grikkja lokið. Smám saman minnkaði landsvæði það sem Grikkir réðu yfir og upp úr 200 f.Kr. var Grikkland tekið ásamt fleiri löndum undir hið unga heimsveldi Rómverja í vestri.



Kortið sýnir veldi Alexanders mikla þegar það var sem stærst 323 f.Kr.

Hellenismi

Hugtakið *hellenismi* er samheiti yfir þá menningu sem varð til í þeim ríkjum sem urðu til úr heimsveldi Alexanders mikla. Helleníski tíminn nær frá dauða Alexanders 323 f.Kr. þangað til Egyptaland varð hluti af Rómaveldi árið 30 f.Kr. Í hellenismanum runnu saman ýmsar menningarhefðir bæði grískar og frá Austurlöndum nær. Hellenismi, sem dafnaði fyrst og fremst í borgum, er hugtak sem hefur lengi verið notað um hina miklu menningu Grikkja. Hugtakið varð til á endurreisnartímanum á 16. öld.

Vissir þú
að Alexander mikli
varð konungur tvítugur
og lést aðeins 33 ára
úr hitasótt.

Umræður og verkefni

1. Hvað einkenndi valdatíð Alexanders? Hvaða áhrif hafði Alexander mikli á menningu annarra þjóða? Í Egyptalandi stendur enn borg sem kennir sig við Alexander mikla. Hvað heitir hún?
2. Hvaða lönd eru í dag á því svæði sem Alexander mikli hafði völd?
3. Hvað eru margir Íslendingar sem heita Alexander og hvaðan kemur það nafn?

Daglegt líf



Borgirnar í Grikklandi hinu forna höfðu fjölbreytilegt stjórnarfar, venjur og gjaldmiðla. Þá var munur á mállýskum á milli þeirra þó að Grikkir töluðu sama málið.

Þælahald var stundað og áttu venjuleg heimili tvo, þrjá þæla en auðmenn fleiri. Fátæklingar áttu yfirleitt ekki þæla.

Lítill virðing var borin fyrir konum, þær nutu ekki jafnréttis og réttindi þeirra voru ekki mikil. Heimilið var í umsjón kvenna og hjónabandið, sem oftast var ákveðið af foreldrum, hafði þann tilgang helstan að geta afkomendur. Karlar unnu úti. Börnin skyldu með tímanum hugsa um aldráða foreldra sína. Þau voru í skóla, sem

kennarinn rak heima hjá sér, til 14–15 ára aldurs. Þar lærðu þau að lesa, skrifa og reikna en einnig söng og að leika á hljóðfæri. Stúlkur giftust yfirleitt á þessum aldri en drengir um tuttugu ára eða eldri. Kvæði Hómers voru undirstaða allrar menntunar í Grikklandi hinu forna.

Heimilin voru gjarnan á tveimur hæðum, lítil og þröng, án salernis og húsgögn ekki mörg. Karlar og konur sváfu ekki saman í herbergi, þær voru iðulega uppi en karlarnir niðri. Samskipti kynja voru því oft takmörkuð og ekki var borðað saman.

Máltíðir voru borðaðar þrisvar á dag og fæðan var fjölbreytt, brauð, ávextir og grænmeti, einnig mjólkurvörur, egg, hunang, sjávarfang og kjöt sem var dýrt. Úr mjólk gerðu Grikkir meðal annars jógúrt og osta.

Í Grikklandi til forna tíðkaðist stundum ástarsamband milli fullorðins karlmanns og unglingspilts, ef til vill 15 til 20 ára. Þessir menn voru iðulega giftir og hneigðust því að konum líka. Ekki liggja fyrir heimildir um samskonar sambönd á milli kvenna. Erfitt er að setja á þetta nútímaskilgreiningu. Var þetta samkynhneigð, tvíkynhneigð eða, eins og haldið hefur verið fram, ákveðnar félagslegar venjur sem gegndu uppeldislegu hlutverki og um giltu ákveðnar leikreglur? Því verður ekki svarað hér en þetta er tilvalið umræðuefni.

Í frístundum stunduðu menn íþróttir, leikhús, lestur og skrifuðu bókmenntir, lögðu stund á heimspeki og héldu veislur. Grikkir kepptu á ýmsum íþróttaleikum þar sem keppendur komu víðs vegar að. Frægastir voru Ólympíuleikarnir. Þar var m.a. keppt í hlaupum, kringlukasti, langstökki, glímu og spjótkaсти.

Vissir þú að
Miðjarðarhafsæði
er talið eitt það
hollasta sem finnst.
Af hverju ætli
það sé?



MÍÐJARÐARHAFS MATARÆÐI

Umræður og verkefni

1. Berið saman líf unglings á Íslandi í dag og líf unglings í Grikklandi hinu forna. Hvað var líkt og hvað var ólíkt í lífi þeirra?
2. Finndu mynd (á netinu) af grískri fjölskyldu og lýstu hlutverki kvennanna á myndinni. Hvað eru þær gamlar? Hvernig er daglegt líf þeirra? Hver er hjúskaparstaða þeirra?
3. Hvernig heldur þú að fatatískan á tímum Forn-Grikkja hafi verið? Finndu myndir af fötum og skarti frá þessum tíma. Hvaða efni ætli hafi verið notað í föt?

Staða kvenna í Forn-Grikklandi

Konur í borgríkjum Grikklands höfðu ekki jafn sterka stöðu og karlmenn. Þær fengu ekki að kjósa, máttu ekki eiga land og staður konunnar var heima og hennar tilgangur var að eignast og sjá um börn. Kona þurfti að vera óspjölluð áður en hún gekk í hjónaband og á aldrinum 12-15 ára voru þær yfirleitt giftar karlmanni sem var nokkru eldri eða oftast um tvítugt. Konur í Aþenu máttu helst ekki sjást mikið úti en þær áttu að sjá um heimilið.

Það var þó munur á milli borgríkja og til dæmis fóru konur í Spörtu í gegnum einhvers konar líkamspjálfun, þær máttu eiga land og drekka vín. Þær þurftu ekki að giftast fyrr en þær urðu 18 ára því að þær áttu að vera í góðu

líkamlegu ástandi áður en þær eignuðust börn – „hraust kona eignast hraust börn,“ sögðu karlmennirnir sem stýrðu samfélaginu. Í Spörtu sáu konur mest um eignir heimilis og voru mikið úti því að þær þurftu ekki að sjá um heimilið, það var í höndum þrælanna. Það var erfiðara fyrir konu að skara fram úr í „karla-starfi“ og það vill oft vera þannig að sögur þjóða eru sögur stjórn mála og stríðs þannig að fáar heimildir eru til um konur.



Agnódísa af Aþenu

Samkvæmt lögum máttu aðeins karlar stunda læknisfræði. En það þarf bara eina manneskju til þess að ryðja veginn. Þjóðsaga í Grikklandi segir að kona að nafni Agnódísa hafi þráð að verða fæðingarlæknir eða ljósmóðir eins og við þekkjum það í dag. Hún fór því í gegnum nám dulbúin sem karlmaður og varð mjög hæf í læknisfræðinni. Sagan segir að aðrir læknar hafi orðið afbrýðisamir þegar það upp-götvaðist að hún var kona. Það varð til þess að réttað var yfir Agnódísu um lögmæti hennar sem læknis þar sem hún var kona. Hún vann málið fyrir dómstólum og lögbanni kvenna í læknisfræði var aflétt. Agnódísa varð þannig talin móðir ljósmóðurfræðinnar.



Aspasía og Sókrates rökræða.

Aspasía af Míletos

Períkles, einn leiðtogi Aþenu á þessum tíma, sagði að mesti heiður konu væri að ekki væri um hana rætt. Engu að síður var það ástkona Períklesar, Aspasía, sem sumir segja að hafi haft mikil áhrif á stjórnmalaskoðanir hans. Aspasía bjó heimili sitt þannig að nokkrir af mestu hugsuðum fornaldar komu saman þar reglulega og varð heimili þeirra Períklesar nokkurs konar miðstöð fyrir heimspekinga og aðra hugsuði. Heimspekingurinn Sókrates, leikskáldið Aristófanes og fleiri voru reglulegir gestir á heimili þeirra og Sókrates varð hugfanginn af hugmyndum Aspasíu.

Umræður og verkefni

1. Hvers vegna ætli konur hafi ekki fengið sömu tækifæri og karlmenn í Grikklandi hinu forna?
2. Hvaða kvenkyns frumkvöðla þekkið þið sem fjallað eru um í sögunni og fyrir hvað eru þeir þekktir?
3. Hvaða kvenkyns frumkvöðla þekkið þið úr nútímanum og fyrir hvað eru þeir þekktir?
4. Hýpatía var þekktur fræðimaður á tímum Grikklands hins forna. Kynnið ykkur líf og störf hennar og kynnið fyrir bekknum ykkar.

Listir og menning



Höggmyndalist

Grikkir þróuðu leiðir til að sýna hreyfingu í höggmyndum sem aðrir höfðu ekki náð tökum á. Þeir voru mjög uppteknir af hugmyndinni um fullkomið útlit og urðu íþróttamenn gjarnan vinsælar fyrirmyndir högglistamanna sem gerðu af þeim stytur.

Leiklist

Grísk leikhús voru undir berum himni. Leiksviðið var hringlaga og engin leiktjöld. Leiklistin og hátíðir tengdar henni voru til heiðurs Díónýsosi sem var guð víns og svalls. Keppt var í leikritun. Skáldskapur í leikritum birtist ýmist í gamanleik sem kallaðist kómedía sem var einskonar ærslaleikur eða í harmleik sem kallaðist tragedía.

Vissir þú að eingöngu karlmenn fengu að leika leikrit. Karlar voru kórinn og þeir voru líka áhorfendur. Leikarar báru grímur til að auðvelda áhorfendum að átta sig á hvaða persónu verið var að leika. Talið er að Grikkir hafi fyrstir þjóða skrifað og leikið leikrit. Þau voru skrifuð til að gleðja guðina.



Sagnaritun og bókmenntir

Epík, lýrik og dramatík eru þrjár höfuðgreinar bókmennta. Hugtökin eru öll komin úr grísku. Epík merkir ljóð eða saga á frásagnarformi sem gæti hafa átt sér stað. Dramatík merkir aftur á móti að frásögnin sé átakamikil og áhrifarík og leikrænt sett fram. Lýrik er andstæða epísku skáldskapar, frásögn sett fram á ljóðrænan hátt.

Forn-Grikkir voru uppteknir af ljóðlist. Við höfum talað um Hómer, blinda ljóðskáldið sem söng sögur sínar eða ljóð um Trójustríðið og hrakfarir Ódysseifs.



Saffó var grísk skáldkona sem bjó á eyjunni Lesbos. Lítið hefur varðveist af ljóðum hennar en vitað er að hún hafi samið tilfinningarík ljóð um konur. Í sumum þeirra talar

ljóðmælandinn um ást sína til kvenna, sem hefur gefið tilefni til að ætla að hún hafi verið samkynhneigð og var orðið lesbía því dregið af nafni eyjarinnar Lesbos.

Grikkir voru miklir handverksmenn. Þeir bjuggu til mikið af leirmunum. Þeir voru oft skreyttir með myndum sem sýndu daglegt líf fólksins.



Ólympíuleikarnir

Ólympíuleikar voru og eru haldnir á fjögurra ára fresti. Þeir eru kenndir við borgina sem þeir hófust í, Ólympíu. Upphaflega voru þeir haldnir til heiðurs guðinum Seifi og var keppt í íþróttum í þrjú daga. Þá kepptu menn naktir í hlaupum, glímu, keilukasti, spjótkesti, hnefaleikum og fleiri greinum. Leikarnir voru ekki síður pólitískir enda komu öll borgríkin saman og kepptu hvert gegn öðru og ræddu pólitísk samskipti á meðan.

Umræður og verkefni

1. Teiknið/málið stóra mynd af grískri byggingu og skrifið lýsingu á því sem fram fór í byggingunni. (Allar byggingarnar verða svingdar upp á vegg og mynda þorp.)
2. Veljið eina af höfuðgreinum bókmennta (epík, lýrik eða dramatík) og semjið stuttan texta. Myndskreytið textann með grísku mynstri.
3. Íþróttafréttamaður á Ólympíuleikum: Veljið eina íþróttagrein og takið upp íþróttalýsingu í hlaðvarpi (podcast).


Tímaás sögu Forn-Grikkja

Saga mannkyns nær yfir svo langt tímabil að ómögulegt er að gera henni skil án þess að skipta henni í tímabil. Svo er það þannig að talið er niður í tímaröðinni vegna þess að hún nær lengra en tímatal okkar sem hefst árið 1 e.Kr. Þannig er tímabilið fyrir um það bil 2.500 árum síðan skrifað sem 500 fyrir Krist.


Sögu Forn-Grikkja mætti skipta í þessi tímabil samkvæmt efni þessarar bókar.

- **Mýkenumenning** 1600–1150 f.Kr. Það tímabil einkenndist af bronsmenningu. Þetta er tími sögunnar um Tróju og sögu-ljóðanna.
- **Myrkar aldir** 1150–800 f.Kr. Þær einkennast af stöðnun og hnignun. Stundum kallað járnöld.

- **Nýlendutíminn** 800–479 f.Kr. Á þessu tímabili urðu hin gríska borgríki til, lýðræðið fæddist, líka heimspeki, leikritun, gríska stafrófið og grískar bókmenntir. Nær hápunkti í stríði við Persa.
- **Klassíski tíminn** 479–323 f.Kr. Gullaldar-tímabil hins forna Grikklands á öllum sviðum en einkenndist af stríði á milli Aþenu og Spörtu.
- **Helleníski tíminn** 323–30 f.Kr. Alexander mikli hafði lagt undir sig stóran hluta hins þekkta heims og Grikkir voru samein-aðir í eitt ríki. Á tímabilinu tóku Rómverjar yfir og innlimuðu Grikkland.



Ljónahliðið
í Mýkenu.



Mýkenumenning
1600–1150 f.Kr.

Myrkar aldir
1150–800 f.Kr.

Vissir þú að nútímaríkið Grikkland var stofnað eftir ellefu ára sjálfstæðisstríð Grikklands gegn Tyrkjaveldi sem lauk með formlegri viðurkenningu sjálfstæðis árið 1832.


Umræður og verkefni

1. Búið til veggspjald með tímalínu um sögu Forn-Grikkja. Hver nemandi/hópur fær ákv. tímabil, teiknar myndir og skrifar texta um það sem gerist á því tímabili. Það er svo sett á tímalínuna sem nær yfir allan vegginn í kennslustofunni.
2. Tímabilum skipt á milli nemendahópa og hver hópur setur upp leikþátt um það sem gerðist á því tímabili. Hægt að samþætta við list- og verkgreinar (búningar, sviðsmynd, leikmunir, tónlist).
3. Einstaklingsverkefni: Nemandi velur eitt tímabil og býr til kynningu.

Parþenon hofið á Akropolis hæðinni.



Alexander mikli



Vitinn mikli í Alexandríu



Stórveldistíminn
800–479 f.Kr.

Klassíski tíminn
479–323 f.Kr.

Helleníski tíminn
323–30 f.Kr.



Stríð Spörtu og Aþenu 450 f.Kr.

Samþætting við aðrar námsgreinar

Íslenska

1. Leitið upplýsinga í bókum, á netinu eða fræðibókum af grískum goðsögnum. Veljið ykkur eina af þessum sögum og skráið hjá ykkur söguþráð hennar. Segið hvert öðru söguna sem þið kynntuð ykkur. Einnig hægt að útbúa myndband eða hikmynd upp úr sögunum.



a. Orfeus og Evrídis. Hver er söguþráður ástarsögu þeirra?



b. Demetra og dóttir hennar Persefóna. Hver er saga þeirra mæðgna?

c. Narkissos og Ekkó, hvernig var tilfinningaflækt saga þeirra?

d. Íkaros og Dædalos sem fundu leið út úr vanda sem þeir lentu í en hvernig? Hver er boðskapur sögunnar?

e. Ferjumaðurinn Karon sigldi yfir ána Styx. Hverjir voru farþegarnir? Kynnið ykkur söguna.

Myndmennt

2. Búa til leirvasa að grískri fyrirmynd og mála mynstur á vasann.



3. Gríska stafrófið. Skrautskrifa nafnið sitt með grískum stöfum.

Tónmennt

4. Finnið grískt ljóð og búið til lag við ljóðið. Notið Garage band eða önnur tónlistarforrit.



Hönnun og smíði

5. Gera mósaiik mynd úr brotnum flísum af grísku mynstri eða tákmyndum.



6. Gera líkan af Trójuhestinum.

7. Smíða líkan af grísku hringleikahúsi eða byggingu úr pappa, Legó eða tré.

Heimilisfræði

8. Finna uppskrift að grískum mat og elda í heimilisfræði. Kynna sér gríska matarmenningu og matarhefðir.



9. Finndu uppskrift að grískum mat og taktu upp stuttan matreiðsluþátt.

Upplýsingatækni

10. Farið í *Google Earth* og finnið Aþenu og fleiri borgir frá tímum Forn-Grikkja.

11. Farið á vefinn <https://ancient-greece.org/> og finnið myndir af byggingum, listmunum, klæðnaði o.fl. frá tímum Forn-Grikkja.

12. Veljið ykkur eitt þessara tákna Ólympíuleikanna og kynnið ykkur merkingu þess tákns.

a. Ólympíufáninn og hringirnir

b. Einkunnarorðin

c. Eldurinn

d. Ólympíueiðurinn





Góð ráð við lestur námsbóka!

Kæri nemandi

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur. Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gröf. Um hvað fjallar bókin? Hvað veist þú um efnið?
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.

Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin. Stundum er gott að skrifa hjá sér minnispunkta.
- Spurðu um það sem þú skilur ekki, til dæmis orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- Veltu fyrir þér aðalatriðum og hvaða atriði skipta minna máli.
- Lestu textann aftur.
- Rifjaðu upp það sem þú last, hugsaðu um hvað þú hefur lært og reyndu að endursegja með eigin orðum.

Myndaskrá og ljósmyndir ©

Allar ljósmyndir í bókinni eru fengnar af myndabanka Shuttersock.com utan ljósmyndar á bls. 27 sem er fengin á Wikimedia Commons



Grikkland hið forna

Vagga lýðræðis er á skaga við Miðjarðarhafið, þar sem fyrstu skref mannkyns í átt að lýðræðislegu samfélagi voru stigin fyrir um 2.500 árum.

Sagan af forn Grikklandi, frá Mýkenu til Alexanders mikla, er spennandi, uppfull af ævintýrum, þjóðsögum og mikilvægum sögulegum atburðum.

Í þessu þemahefti skoðum við sögu forn Grikklands. Bókin hentar nemendum á unglingastigi grunnskóla.